

Bæjarráð - 613

Haldinn í bæjarráðssal, 14.05.2020 og hófst hann kl. 17:15

Fundinn sátu: Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir formaður,
Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri,
Lárus Ástmar Hannesson (LÁH) áheyrnarfulltrúi,
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (HH) aðalmaður,
Erla Friðriksdóttir aðalmaður,
Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson, bæjarritari

15. 2005020 - Bann við hrognkelsaveiðum árið 2020

Fimmtudaginn 30. apríl s.l. undirritaði Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, reglugerð um stöðvun veiða á grásleppu á þessu fiskveiðiári þar sem fyrirséð var að veiðarnar muni fljótlega nálgast ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um að heildarafla á þessu fiskveiðiári verði ekki meiri en 4.646 tonn. Í reglugerðinni kemur fram að grásleppuveiðar voru bannaðar frá og með miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 3. maí 2020.

Í reglugerðinni var hins vegar heimilt að gefa út leyfi til grásleppuveiða í allt að 15 daga til þeirra sem stunduðu grásleppuveiðar árin 2018 eða 2019 á Breiðafirði, svæði 2, samkvæmt leyfum sem tóku gildi 20. maí þau ár eða síðar til þess að koma til móts við grásleppusjómenn sem stunda munu veiðar á þessu svæði en þær veiðar eru ekki heimilar fyrr en 20. maí n.k.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar fundaði vegna málsins 6. apríl sl. og sendi frá sér ályktun.

Bæjarstjóri gerir grein fyrir stöðu málsins.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir því að Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra boðaði grásleppusjómenn sem hafa leyfi til grásleppuveiða við innanverðan Breiðafjörð í sumar, sbr. reglugerð 407/2020, til fundar við sig miðvikudaginn 13. maí, kl. 20:00 í Amtsbókasafninu í Stykkishólmi. Fundinum var slitið með þeim orðum ráðherra að hann myndi taka með sér þær umræður sem áttu sér stað á fundinum.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar hvetur ráðherra til þess að útfæra núverandi fyrirkomlag grásleppuveiða, sbr. reglugerð 407/2020, með þeim hætti sem endurspegladist í vilja grásleppusjómannna á fundi sjómannna með ráðherra þannig að ekki þurfi að koma til ólympískra veiða 20. maí nk.

[Ályktun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar vegna stöðvunar veiða á grásleppu - 6. maí 2020 - Atvinnuveganefnd Alþingis.pdf](#)